



Alþingi  
Alþingishúsið  
Reykjavík  
Althingi.is

Ungir umhverfissinnar  
Rafstöðvavegur 5-7  
110 Reykjavík  
umhverfissinnar.is

06. júní 2022

**Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988  
(fjöldatakmörkun rafmagnsbifreiða o.fl.)**

Ungir umhverfissinnar gera tvær athugasemdir við þetta lagafrumvarp. Fyrsta gagnrýni okkar varðar innihald frumvarpsins og viljum við að fjármagni sé varið á skynsamari hátt heldur en í niðurgreiðslu á rafmagnsbílum til að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL). Seinni gagnrýni okkur varðar umsagnaferlið þar sem okkur finnst of stutt að umsagnabeidni berist einungis þremur dögum fyrir umsagnafrest.

**Skynsöm notkun á fjármagni í þágu loftslagsins**

Nauðsynlegt er að fara vel með peninga ríkisins sem er í raun peningur almennings. Besta leiðin til að ná fram samdrætti í losun GHL er ekki með niðurgreiðslu á rafmagnsbílum ef miðað er við hlutfall króna per ton CO<sub>2</sub>-íg. Þó að grunnhugsunin sé góð þar sem hún snýr að því að draga úr losun GHL er mun skilvirkara og efnahagslega skynsamlegra að verja þessum fjármunum í aðgerðir sem draga meira úr losun per krónu úr ríkissjóði. Einnig mætti beita öðrum efnahagslegum tólum svo sem gjaldtöku eða skattlagningu í auknu mæli til að ná fram fælingarmætti sem bæði eykur áhrif hvata aðgerða sem og tryggir meira fjármagn í loftslagsaðgerðir.

Í greinargerðinni sem fylgir þessu frumvarpi kemur fram að markmið ríkisstjórnarinnar sé að fjöldi rafbíla og annara vistvænna bifreiða á Íslandi verði orðinn 100.000 árið 2030. Þetta markmið er ekki ásættanlegt. Markmiðið á ekki að vera að ná ákveðnum fjölda bíla inn til

landsins heldur ætti það miklu frekar að leggja áherslu á það að draga úr notkun og innflutningi bíla. Þetta er byggt á þeim einföldu rökum að framleiðsla, notkun og förgun eða endurvinnsla á rafmagnsbílum hefur viðtæk umhverfisáhrif með sér í för. Markmiðið ætti miklu frekar að vera að fækka heildarfjölda bíla á Íslandi og að *hlutfall* rafmagnsbíla sé orðið ákveðið hátt árið 2030.

### **Allt of stuttur umsagnarfrestur**

Okkur barst umsagnabeiðni frá Nefndasviði Alþingis þann 3. júní 2022 en umsagnarfrestur er 6. Júní 2022. Þetta gefur okkur sem vinnum nánast öll í sjálfboðaliðavinnu einungis þrjá daga til að undirbúa umsögn. Þar að auki barst beiðnin til okkar á föstudagseftirmiðdegi og umsagnarfrestur er á frídegi (Öðrum í Hvítasunnu) sem þýðir að ekki gafst neinn virkur dagur til að vinna þessa umsögn. Við erum meðvituð um að málið hafi verið komið inn á vef Alþingis um miðjan maí en við hefðum viljað fá umsagnabeiðni í tölvupósti mun fyrr þar sem við höfum ekki getu til að vakta stöðugt vef Alþingis.

### **Að lokum**

Það þarf að sjá til þess að fjármagni til loftslagsaðgerða sé varið á skynsamari og skilvirkari hátt þegar horft er til krónu fjölda per ton CO<sub>2</sub>-íg. samdráttur. Ungir umhverfissinnar kalla einnig eftir því að markmið stjórnvalda um fjölda og hlutfall rafmagnsbíla verði endurskoðað til að það stuðli betur að samdrætti í losun og taki tillit til allrar virðis kedju rafmagnsbíla. Svo biðjum við um að fá umsagnabeiðni með meiri fyrirvara næst.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna,

Finnur Ricart Andrason

---

Finnur Ricart Andrason,  
Loftslagsfulltrúi